

**Ed.**

**396. Frumvarp til laga**

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

Flutningsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

**1. gr.**

Hvervetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur. Er heimilt að eyða honum í annars manns landi með skotum eða hverri annari veiðiaðferð, sem ekki brýtur í bág við önnur lög. Þó má aldrei eittra fyrir svartbak í löndum annars manns, nema tilkynna honum það áður eða samtímis og eitrun fer fram.

**2. gr.**

Heimilt er sýslunefndum eða bæjarstjórnnum að setja reglugerðir um útrýmingu svartbaks, og skal þeim skylt að gera það, ef 10 eða fleiri æðarvarps-eigendur eða leigutakar æðarvarpslanda, búsettir innan sýslunnar eða í kaupstaðnum, krefjast þess, og skal reglugerð fullger innan þriggja missira frá því að krafan hefir komið fram.

**3. gr.**

Eitur til eyðingar svartbaks kaupir hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóður, og er lyfjaverzlun ríkisins skylt að láta það af hendi með innkaupsverði. Sýslumaður skipar menn til þess að hafa eitrunina á hendi, eftir því sem þurfa þykir, eftir ábendingu hlutaðeigandi hreppstjóra, og hafa þeir einir heimild til þess að eittra í löndum annara manna.

**4. gr.**

Hver sá, er reynir að varna því, að skipaðir eitrunarmenn framkvæmi eitrun fyrir svartbak í sínum löndum eða annara, eða ónýtir eitrun, er slíkir menn framkvæma, en hefir ekki áður fengið samþykki eitrunarmanns til þess, sæti sektum frá 50—500 krónum.

**5. gr.**

Skyldur er hver jarðarabúandi að eyða öllum svartbakseggjum í landi á-býlisjarðar sinnar, ef þess er kostur. Vanræki jarðarabúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 20—200 krónum.

**6. gr.**

Sektir samkvæmt lögum þessum falla að hálfu til uppljóstrarmanns og hálfar til hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Mál þau, sem risa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

**7. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 frá 19. febr. 1892, um eyðing svartbakseggja.

**8. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Nú á síðari árum hefir svartbak fjölgað mjög víða hér á landi, en mest kveður að því á þeim stöðum, sem æðarvarp er. Á Breiðafirði hefir honum t. d. fjölgað mjög ört, og er þar nú orðinn svo mikill sægur hans, einkum í Suðureyjum, að víðbúið þykir, að æðarvarp nær hverfi þar, ef slíku heldur lengi fram. Er hann nú svo aðgangsharður við æðarfuglinn, að á síðastliðnu vori hefir ekki sézt æðarungi í sumum heztu varpeyjunum, eins og t. d. Hrapsey og Arney. Gleypir svartbakurinn ungana undireins og þeir koma á sjóinn, og sveimar yfir varplöndunum í flokkum á þeim tímum, er æðarfuglinn leiðir út. Sagt er og, að hann drepri fullorðinn æðarfugl. Svartbakurinn drepur unglömb á vorin, og óttast ýmsir bændur, að hann muni gera þeim stórtjón, einkum ef vorhart verður.

Það er ekki aðeins æðarvarpið, sem vargur þessi ásækir. Hann situr hundruðum saman við árósa og tinir þar upp silunga og smálaxa, sem leita upp í árnar, og stórspillir veiði í ám og vötnum.

Það virðist ekki einhlítt eins og nú er ástatt að eyða svartbaknum með skotum einum. Hefi ég því gert ráð fyrir í frumv. þessu, að honum verði einnig eytt með eitri. Ég játa það, að það getur verið kvalafullur dauðdagi fyrir fuglinn að vera drepinn þannig, en þetta er örþrifaráð til þess að vernda nytjafugla fyrir vargi þessum. Munu og aðrir vargfuglar farast, ef eitrun fer fram.

Í 5. gr. frumv. er gert ráð fyrir því, að ábúandi eigi ekki ávallt þess kost að taka egg svartbaks, er verpir í landi hans. t. d. er hann verpir í hólum djúpra vatna eða óreiðrar ár, en bátur hvergi nærri.